

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um tíundu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 14. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Glitnis banka hf. til Nýja Glitnis banka hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 28. ágúst 2009 var tilgreint að fjármögnun Íslandsbanka hf. og útgáfa fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Glitnis banka hf. til Íslandsbanka hf. skyldi lokið eigi síðar en þann 4. september 2009.

Í bréfi til Fjármálaeftirlitsins frá fjármálaráðuneytinu og Glitni banka hf., dags. 7. september 2009, kemur fram að samningsaðilar hafi undirritað samkomulag um þau viðskiptalegu atriði sem út af stóðu við samningagerðina en þörf sé á frekari tímafresti til að ljúka endanlegri skjalagerð vegna fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Glitnis banka hf. til Íslandsbanka hf.

Í ljósi framangreinds ákveður Fjármálaeftirlitið að breyta 2. ml. 12. tl. fyrri ákvörðunar eftirlitsins þann 14. október 2008, sbr. ákvarðanir eftirlitsins í þessu máli, dags. 15. júní 2009, 18. júlí 2009, 14. ágúst 2009 og 28. ágúst 2009.


ÁKVÖRÐUN:

Fjármögnun Íslandsbanka hf. og útgáfa fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Glitnis banka hf. til Íslandsbanka hf. skal lokið eigi síðar en þann 11. september 2009.

Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

7. september 2009.



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Gunnar P. Andersen
Forstjóri